

Viðar trévörn

LÝSING

Viðar trévörn (2415) er öflug viðarvörn sem inniheldur sérhannaðar olíur sem ná að smjúga langt inn í viðinn og verja hann gegn upptöku á raka. Viðar trévörn inniheldur einnig efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun. Eftir settun viðarins með trévörninni er því komið í veg fyrir rakaupptöku viðarins og skilyrði til fúamyndunar.

NOTKUN

Viðar trévörn (2415) er ætluð til notkunar utanhúss til settunar á nýjum og ómáluðum viði fyrir málun með grunnmálningu, hálfþekjandi eða þekjandi viðarvörn.

Tæknilegar upplýsingar

Litir:	Litlaus
Gljástig:	Matt
Pakkningar:	1, 4, 10 og 20 lítra
Efnisnotkun:	4-6 m ² /l
Eðlisþyngd:	0,8 kg / l
Þurrrefni:	12% (rúmmál)
Þynnir:	Terpentína
Áhaldahreinsir:	Terpentína
Þurrktími:	24 klst
Yfirmálun:	Lágmark: 24 klst Hámark: Ekkert

Undirmálun

Viðar trévörn (2415) er ætluð beint á ómálaðan við.

Yfirmálun

Viðar grunnmálning (2420), Viðar hálfþekjandi (2425), Viðar þekjandi (2430) eða Hjörvi.

Áhöld

Mjúkur pensill eða málningarsprauta.

Vinnutilhögun

Fjarlægjið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Viðurinn skal vera hreinn, þurr og ómálaður. Berið Viðar trévörn (2415) blautt í blautt og leyfið viðnum að drekka í sig trévörnina. Þurrkið síðan með klút eftir eina klst. Á viðarflötum sem vatn mæðir mikið á, s.s. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta viðinn sérstaklega vel með Viðari trévörn (2415). Málið síðan 1-2 umferðir með hentugri yfirmálningu.

Framleiðandi vekur athygli á því að ábyrgð hans takmarkast við framleiðslugalla en nær ekki til tjóns vegna rangrar meðhöndlunar eða utan að komandi aðstæðna.



Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Ætíð skal mála yfir Viðar trévörn (2415).
- Hjörvi má ekki fara beint á Viðar trévörn.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Varist snertingu við húð og augu. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.